

Til hamingju með áfangann!

Kæri kandídat.

Það styttest í brautskráningu þína frá Háskóla Íslands og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann.

Að öllu óbreyttu hefði brautskráningarhátíð farið fram með hefðbundnum hætti laugardaginn 19. febrúar í Háskólabíói en vegna samkomutakmarkana hefur það breyst.

Í stað hefðbundinnar brautskráningar býðst kandídötum að sækja prófskírteini sín í Háskólabíó þennan dag. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag afhendingar eru hér að neðan.

Við afhendingu prófskírteina verður sóttvarnaviðmiðum fylgt í hvívetna og eru kandídatar hvattir til að bera andlitsgrímur þegar þeir koma í Háskólabíó. Grímur og

sóttreinsispritt verða einnig á staðnum fyrir þau sem það vilja.

Þótt athöfnin sé ekki með sama hátíðarbrag og í venjulegu árferði vonumst við sannarlega til þess að sjá þig í Háskólabíói þann 19. febrúar því þetta er gleði- og uppskerudagur þinn og skólans. Við erum afar stolt af þér og vonum að þér farnist sem allra best í framtíðinni.

Með kærri kveðju,



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Gott að vita fyrir afhendingu prófskírteina

STAÐUR OG STUND: LAUGARDAGUR 19. FEBRÚAR Í HÁSKÓLABÍÓI

MÆTING:

Kl. 10.00-11.00

Deildir Hugvísindasviðs

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Íslensku- og menningardeild
Mála- og menningardeild
Sagnfræði- og heimspekideild

Kl. 11.00-12.00

Deildir Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Hjúkrunarfræðideild
Lyfjafræðideild
Læknadeild
Matvæla- og næringarfræðideild
Sálfræðideild
Tannlæknadeild

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Jarðvísindadeild

Líf- og umhverfisvísindadeild

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Raunvísindadeild

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Kl. 12.00-13.00

Deildir Menntavísindasviðs

Deild faggreinakennslu
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda
Deild kennslu- og menntunarfræði
Deild menntunar og margbreytileika

Kl. 13.00-14.00

Deildir Félagsvísindasviðs

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
Félagsráðgjafardeild
Hagfræðideild
Lagadeild
Stjórn málafræðideild
Viðskiptafræðideild

Fyrirkomulag afhendingar: Gengið er inn um aðalinngang Háskólabíós.

Þar framvísar þú skilríkjum og gengur svo að borði fyrir framan stóra sal bíósins þar sem þú færð afhent prófskírteini þitt. Að því búnu býðst þér að láta taka af þér mynd með skírteinið en síðan er gengið út úr húsinu um hliðarinngang Háskólabíós.

Starfsfólk verður á staðnum og veitir frekari leiðbeiningar.

Ef þú hefur ekki tök á að sækja brautskráningarskírteini þitt í Háskólabíó þann 19. febrúar getur þú nálgast það á skrifstofu þinnar deildar frá og með mánudeginum 21. febrúar.

